

Siðareglur Byggðastofnunar

1. Inngangur

Allir starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar, svo og aðrir þeir sem starfa í umboði hennar, eiga jafnan að hafa að leiðarljósi ákvæði siðareglna og það gildismat sem í þeim birtist. Forsendur siðareglna eru einkum jafnræðisregla, góð stjórnslu, málefnalegt gegnsæi og fyllstu þjónustugæði.

Siðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðugleika sem stofnuninni ber að hafa. Stofnunin setur sér metnaðarfull markmið um góða stjórnslu, skilvirkni og málefnalegt gegnsæi allra verkferla.

Markmið siðareglna eru einkum að starfsmenn, stjórnarmenn og aðrir sem starfa í umboði stofnunarinnar sýni gott fordæmi í störfum. Þeir skulu vinna af samvirksemi, fagmennsku og heilindum og í samræmi við lög, góða stjórnsluhætti og hlutverk Byggðastofnunar. Þeir skulu þekkja og framfylgja stefnu, skipulagi og verklagsreglum stofnunarinnar. Lykilhugtök eru: Traust, trúverðugleiki, hlutleysi, óhlutdrægni, trúnaður og fagmennska.

2. Traust og trúverðugleiki

Stjórnvöld, ríkisstofnanir, almenningur og viðskiptamenn Byggðastofnunar eiga heimtingu á því að störf Byggðastofnunar séu hafin yfir tortryggni. Þau skulu mótast af góðu þjónustuviðmóti og fyllstu þjónustugæðum. Þau skal vinna á faglegan hátt af vandvirkni og einkennast af sanngirni og óhlutdrægni.

Starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar skulu hafa hagsmuni stofnunarinnar í huga og veita upplýsingar sem að þeim lúta. Þeir skulu m.a. gera yfirmanni viðvart ef ástæða er til að ugga um lögskilgreinda eiginfjárstöðu stofnunarinnar eða önnur atriði sem kunna að ógna starfsemi hennar.

Starfsmenn Byggðastofnunar og stjórnarmenn skulu koma þannig fram í starfi sínu og utan þess að þeir verði hvorki sjálfum sér til vansæmdar né rýri á neinn hátt álit, traust og trúverðugleika stofnunarinnar eða gildi þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar skulu vera heiðarlegir og málefnalegir í starfi sínu og byggja álit sitt og niðurstöður á því sem þeir vita réttast og sannast.

3. Hlutleysi og óhlutdrægni

Starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar skulu forðast hugsanlega hagsmunaárekstra eða annað það sem skerðir eða er í augum annarra talið skerða málefnalegt og faglegt sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni. Þetta felur m.a. í sér sérstaka varúð við setu í stjórn stofnana eða fyrirtækja eða stjórnunarleg tengsl við þau. Starfsmenn skulu ekki þiggja gjafir eða nýta sér fríðindi frá þeim sem hafa hagsmuna að gæta vegna starfa þeirra.

Starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar skulu fara vel með vald sitt. Þeir skulu gæta þess að persónulegar skoðanir á einstaklingum, fyrirtækjum eða viðfangsefnum hafi ekki áhrif á umfjöllun eða niðurstöður. Sömuleiðis skulu þeir taka tillit til sjónarmiða allra málshafa án þess að láta skoðanir annarra rýra nauðsynlegt sjálfstæði sitt eða hafa áhrif á eigin afstöðu og ályktanir.

4. Trúnaður

Starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls.

Starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar skulu víkja frá umfjöllun um mál ef það varðar sérstakt hæfi, hagsmunatengsl eða trúnaðarárekstra og veita allar upplýsingar er slíkt varða.

Starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar skulu virða öryggi og trúnað við persónulegar og viðskiptalegar upplýsingar sem varða viðskiptamenn.

5. Fagmennska

Starfsmenn og stjórnarmenn Byggðastofnunar skulu vinna verk sín af fagmennsku í hvívetna, og fylgja viðeigandi aðferðum, vinnureglum, siðareglum og stöðlum. Þau skulu haga störfum sínum í samræmi við þær verklagsreglur sem stjórn og forstjóri setja.

Starfsmenn skulu halda við faglegri þekkingu sinni og hæfni með endurmenntun og tryggja þannig að þeir séu færir um að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin hverju sinni.

Starfsmenn skulu ekki hafa afskipti af verkefnum sem þeir hafa ekki þekkingu, hæfni eða hæfi til að sinna.

6. Viðurlög

Starfsmenn og stjórnarmenn skulu gera sér grein fyrir afleiðingum þess fyrir Byggðastofnun og hagaðila hennar ef þau verða uppvís að broti á þeim lögum og reglum sem um stofnunina gilda, innri reglum hennar eða siðareglum þessum eða sýna að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun.

Afleiðingarnar geta m.a. verið rekstrar- og/eða orðsporstjón fyrir Byggðastofnun sem getur leitt af sér fjárhagslegt tjón í formi málskostnaðar, sekta eða missis viðskiptasambanda. Gerist starfsmaður brotlegur við reglur þessar eða sýnir að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun að mati forstjóra Byggðastofnunar geta afleiðingarnar verið áminning eða, eftir atvikum og í samræmi við alvarleika brots eða ítrekuð brot, fyrirvaralaus brottrekstur úr starfi.

Telji stjórn Byggðastofnunar að stjórnarmaður hafi gerst brotlegur við siðareglur þessar eða aðrar innri reglur stofnunarinnar skal hún taka málið upp á fundi stjórnar til að meta hvort slíkt brot hafi áhrif á stöðu viðkomandi stjórnarmanns, þar með talið hæfi til að sinna starfi sínu og þá um leið hvort tilefni er til þess að upplýsa ráðherra stofnunarinnar og/eða Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands um það mat sitt.

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 1. nóvember 2023